

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF.**  
**HALDINN MIÐVIKUDAGINN 29. MAÍ 2013 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION**  
**BANKA, BORGARTÚNI 19**

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Þórunn Kristinsdóttir yrði kosin fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Þórunn tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin fyrir samhliða umræðum um ársreikning sjóðsins. Einnig óskaði fundarstjóri eftir því að umfjöllun um fjárfestingastefnu sjóðsins yrði samhliða yfirferð ársreikninga. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

### **1. Skýrsla stjórnar**

Jóhannes sagði að á heildina litið hefði árið 2012 verið gott fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. Varfærin fjárfestingarstefna undanfarinna ára skilaði sér í góðri ávöxtun á árinu. Nafnávöxtun ársins nam 10,7% og hrein raunávöxtun 5,9%. Ávöxtun sjóðsins síðustu tíu ár er einnig sú hæsta sem þekkist meðal íslenskra lífeyrissjóða en það skýrist m.a. af aðgerðum eignastýringar fyrir bankahrunið og þeirri íhaldssömu fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn hefur fylgt frá því á árunum fyrir hrún. Meðaltal nafnávöxtunar síðustu fimm ár er sú sama og árið 2012, eða 10,7% og meðaltal nafnávöxtunar síðustu tíu ár er 13,6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu tíu ár er 7,2%, sem er vel yfir 3,5% mörkunum sem lífeyrissjóðir miða alla jafna við og skýrir það um leið sterka stöðu sjóðsins nú.

Við tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum í árslok 2012 kom enn í ljós að ekki þarf að skerða réttindi eða lífeyri sjóðfélaga líkt og margir lífeyrissjóðir hafa þurft að gera á árunum eftir hrún. Samkvæmt lögum þarf að grípa til slíkra aðgerða ef skuldbindingar lífeyrissjóðs eru

*pk  
G*

10% hærri en eignir, en bráðabirgðaákvæði um hærri mörk fellur úr gildi nú um áramótin. Á sama hátt skal auka réttindi ef eignir eru 10% hærri en skuldbindingar, en síðustu ár hefur sjóðurinn nýtt sér áðurnefnt bráðabirgðaákvæði í lögum sem heimilaði hærri mörk.

Sjóðurinn er í þeirri öfundsverðu stöðu að ekki þarf að velta fyrir sér réttindaskerðingu, heldur þvert á móti. Eignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar eru nú 15,3% samanborið við 12,7% í lok árs 2011. Sjóðnum er því skylt að grípa til ráðstafana til að jafna þetta hlutfall eigna og skuldbindinga. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að mæla fyrir 14% réttindaaukningu sjóðfélaga. Þetta var kynnt á vel sóttum sjóðfélagafundi 3. apríl sl. og verður farið nánar yfir þetta á eftir í umræðum um breytingar á samþykktum. Auk þess mun Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, fjalla nánar um niðurstöður úr tryggingafræðilegu úttekt sinni á sjóðnum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam átján milljörðum tvöhundruð og sautján (18.217) milljónum króna í árslok 2012. Á árinu hækkaði hún um eitt þúsund eitt hundrað og þrettán(1.113) milljónir króna, eða um 6,5%.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 65 milljónir króna vegna 73 greiðandi sjóðfélaga, en iðgjöld til sjóðsins voru 66 milljónir árið áður. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 25 á árinu, en eins og kunnugt er þá er sjóðurinn lokaður fyrir nýjum greiðendum.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 753 milljónum króna sem er um 11,6% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 286. Lífeyrisþegum fjölgði um 21 á árinu.

Þá nefndi Jóhannes að samkvæmt samþykktum sjóðsins kjósa sjóðfélagar sér two stjórnarmenn til tveggja ára en Arion banki tilnefnir einn. Fyrir liggur að allir stjórnarmenn muni gefa kost á sér áfram.

Að lokum vakti Jóhannes máls á lyktum málaferla við slitastjórn Kaupþings hf. fyrir

Héraðsdómi Reykjavíkur vegna 631 millj.kr. kröfu, sem lýst var í bú bankans árið 2009 og fjallað var um í skýrslu stjórnar í ársreikningi fyrir árið 2011. Sjóðurinn fór fram á að krafan, sem er tilkomin vegna brostinna forsendna við afléttingu á bakábyrgð bankans á skuldbindingum sjóðsins árið 1998, yrði samþykkt sem almenn krafa við skiptin. Ljóst var þá þegar að málið var byggt á veikum grunni og fór það svo að kröfu sjóðsins var hafnað fyrir Héraðsdómi og féll dómur í málinu 12. febrúar sl. Ákveðið var að kæra úrskurð Héraðsdóms ekki til Hæstaréttar og telst málinu því lokið af hálfu sjóðsins.

Jóhannes sagði að horfur sjóðsins fyrir yfirstandandi ár væru ágætar. Staða sjóðsins væri mjög sterkt líkt og farið yrði nánar yfir hér á eftir og framtíð sjóðsins er á heildina litið björt.

Jóhannes sagði einnig: „Ég vil þakka góð samskipti við sjóðfélaga frá síðasta ársfundi og enn fremur þakka meðstjórnendum ánægjulegt samstarf. Jafnframt þakka ég starfmönnum eignastýringar Arion banka og þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð. Síðast en ekki síst vil ég þakka Haraldi Yngva Péturssyni, sem létt af störfum sem framkvæmdastjóri sjóðsins í árslok 2012, fyrir góð störf í þágu sjóðsins.“

## 2. Kynning á ársreikningi

Jón L. Árnason framkvæmdarstjóri LSBÍ fór yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum.

Í máli Jóns kom m.a. fram að iðgjöld ársins hefðu lækkað milli ára og útgreiðslur hækkað sem skýrist á því að fleiri sjóðfélagar væru komnir á lífeyri og greiðandi sjóðfélögum hefur fækkað. Fjárfestingarkostnaður hækkaði um 11% á milli ára.

Þá fór Jón yfir rekstrarkostnað sem hækkaði á milli ára, skýringin væri m.a. sú að sjóðurinn fór ekki að greiða stjórnarlaun fyrr en á miðju ári 2011, áður greiddi bankinn stjórnarlaunin.

þle  
VJ

Jón benti á að tryggingafræðileg staða sjóðsins væri mjög sterk, en Bjarni Guðmundsson Tryggingastærfræðingur færí betur yfir það síðar á fundinum.

Því næst fór Jón yfir helstu kennitölur sjóðsins fyrir árið 2012. Fjöldi greiðandi sjóðfélaga er 73 og fjöldi lífeyrisþega er 286. Hrein raunávöxtun árið 2012 var 5,9% og nafnávöxtun 10,7%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár var 3% og síðastliðin tíu ár 7,2%.

**Marinó Örn Tryggvason** forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir þróun markaða, ávöxtun og fjárfestingar sjóðsins. Marinó fór yfir markaðsaðstæður og í máli hans kom fram að ágætis ávöxtun hefði verið á flestum eignaflokkum sem sjóðurinn hefði fjárfest í.

Raunávöxtun ársins 2012 var 5,9 %. Meðalraunávöxtun á tímabilinu 1997 – 2012 var 6,2% hjá LSBÍ. Marinó fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, í máli hans kom meðal annars fram að litlar breytingar voru gerðar á árinu.

Því næst fór Marinó yfir fjárfestingastefnu sjóðsins. Meginstefið er að fjárfestingastefnan taki mið af því að eignir sjóðsins nái yfir skuldbindingar sjóðsins. Marinó fór yfir breytingar á stefnu og vikmörk. Mjög litlar breytingar voru gerðar og þá fyrst og fremst vegna breyttra markaðsaðstæðna.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram. Fundarstjóri lagði ársreikning lífeyrissjóðsins til samþykktar.

**Ársreikningur var samþykktur af öllum fundarmönnum.**

plk  
VJ 4

### **3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun**

Bjarni Guðmundsson kynnti niðurstöður tryggingafræðilegrar athuganar 31.12.2012. Í máli hans kom fram að áfallin staða væri jákvæð um 16,5% en var 14,8% í árslok 2011. Heildar staða var jákvæð um 12,7% og hækkaði í 15,3% í árslok 2012. Skýringin á þessu góða gengi væri ávöxtun sem var töluvert umfram forsendur.

Í máli Bjarna kom fram að eignir væru hærri en skuldbindingar í sjóðnum og lögum samkvæmt bæri að grípa til aðgerða og auka réttindi sjóðfélaga.

Bjarni sagði að nú væri verið að miða við lífslíkur byggðar af reynslu áranna 2007-2011, aðgreint fyrir karla og konur. Meðal breyting hjá lífeyrissjóðum er um 1% hækkun skuldbindinga í tryggingafræðilegri stöðu vegna nýrrar viðmiðunar.

Bjarni benti á að íslenskir lífeyrissjóðir þurfi að taka tillit til aukningar í lífslíkum sem mun að öllum líkindum halda áfram.

Þá var gefið rúm fyrir fyrispurnir, engar fyrispurnir komu fram.

### **4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins**

Marinó Örn Tryggvason greindi frá fjárfestingarstefnu sjóðsins undir 2. lið (1. Kynning á ársreikningi).

### **5. Kosning stjórnarmanna**

Því næst kynnti fundarstjóri kosningu stjórnar. En samkvæmt samþykktum sjóðsins skal fundur sjóðfélaga kjósa two stjórnarmenn af þremur og two til vara. Arion banki tilefnir einn stjórnarmann og einn til vara. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn. Fyrir lá

að Jóhannes Ingvarsson og Tryggvi E. Geirsson gæfu kost á sér áfram til stjórnarsetu og Anna María Bragadóttir og Árni Emilsson til vara.

Engin önnur framboð komu fram á fundinum, voru því Jóhannes og Tryggvi stjórnarmenn, Anna María og Árni varamenn því sjálfkjörin til næstu tveggja ára.

## 6. Kjör endurskoðanda

Stjórn gerði tillögu um að núverandi endurskoðendur sjóðsins, Íslenskir endurskoðendur ehf. sjái áfram um endurskoðun sjóðsins fyrir næsta starfsár.

***Tillagan var samþykkt.***

## 7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Haraldur Yngvi Pétursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri sjóðsins, gerði grein fyrir tillögum stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Í máli hans kom fram að sjóðurinn er best staddi lífeyrissjóðurinn í landinu með 15,3% jákvæða tryggingafræðilega stöðu. En í kjölfari bankahrunsins var mikil verðbólga, lífeyrir var ekki verðtryggður en eignirnar eru að mestu verðtryggðar.

Haraldur fór yfir þróunina á undanförnum árum á raunávöxtun, eignum, skuldbindingum og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Þá fór Haraldur yfir þróun á vísitölu neysluverðs og launavísitolunni frá ársbýrjun 2002 til loka 2012.

Haraldur sagði að við óbreytta stöðu muni skuldbindingar hækka um 2,5% ári umfram eignir í sjóðnum. Ef svo fari þá þarf að skerða réttinda sjóðfélaga í framtíðinni.

pk  
JG

**Auglýstar breytingar:**

## **TILLÖGUR STJÓRNAR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM LÍFEYRISSJÓÐS BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. LAGÐAR FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 29. MAÍ 2013**

---

Breytingatillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með bláu letri og undirstrikun og sá texti, sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með bláu letri og yfirstrikun.

Stjórn leggur til breytingar á eftirfarandi greinum:

### **11. gr. Ellilífeyrir**

Eftirfarandi breyting verður á 1. málsgrein:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til lífeyrissjóðsins samanlagt í 6 ár eða lengur og orðinn er 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Skal ellilífeyrinn nema ákveðnum hundraðshluta af umreknuðum meðallaunum síðustu 5 almanaksára hans í starfi miðað við fullt starf. Skal umrekningurinn miðast við breytingu á launavísitölu, útgefinni af Hagstofu Íslands frá meðaltali almanaksársins til næsta mánaðar eftir að látið er af starfi. Liggi vísitala mánaðar ekki fyrir skal notast við síðustu reiknuðu vísitölu. Síðan breytist fjárhæð lífeyris mánaðarlega í hlutfalli við síðustu reiknuðu launavísitölu. Eftir að taka lífeyris hefst breytist fjárhæð mánaðarlega í hlutfalli við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Bætt er við nýrri málsgrein sem verður 2. málsgrein:

Fyrir sjóðfélaga sem láta af störfum eftir 1.7.2013 skulu reiknuð áunnin réttindi aukin um 14% í samræmi við ákvæði viðauka IV. Réttindin taka eftir það breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

### **12. gr. Örorkulífeyrir**

Eftirfarandi breyting verður á 2. málsgrein:

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyris við starfstíma og laun með sama hætti og segir í 11. gr. Örorkulífeyrir breytist eftir að taka hans hefst með sama hætti og ellilífeyrir.

Bætt er við nýrri málsgrein sem verður 6. málsgrein:

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhættu hjá Okkar líftryggingum hf.

### **13. gr. Makalífeyrir**

*pde (G)*

Eftirfarandi breyting verður á 2. málsgrein:

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna, starfshlutfalli og umreiðnum launum fyrir fullt starf með sama hætti og segir í 1. mgr. 11. greinar. Fyrir starfstíma í fullu starfi skal hundraðshlutinn vera 1,25% fyrir hvert starfsári, þó að hámarki 50%. Fyrir starfstíma í hlutastarfi lækka hundraðshlutar þessir í samræmi við starfshlutfall. Upphæð lífeyris skal nema 10/17 af áunnum eftirlaunarétti sjóðfélaga samkvæmt útreikningi í 11. gr. og breytist með sama hætti.

## 25. gr. Gildistaka

Dagsetning í 25. gr. er leiðrétt:

Samþykktir þessar voru samþykktar á ársfundi þann 30. apríl 2010 29. maí 2013. Breytingarnar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Fram að þeim tíma gilda gildandi samþykktir sjóðsins.

Bætt er við nýjum viðauka við samþykktir, Viðauka IV:

**Viðauki IV – Breytingar á réttindum sjóðfélaga sem byrjað hafa töku lífeyris eða látið af störfum fyrir 1.7.2013**

Áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins skulu aukin um 14% miðað við réttindi í árslok 2012 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013. Frá og með þeim degi taka áunnin réttindi breytingum í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem bessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímaðuð 2013.

Hafi ráðherra ekki samþykkt aukninguna fyrir framangreindar dagsetningar freast framkvæmd þeirra til fyrsta dags næsta mánaðar eftir að samþykki liggur fyrir.

Uppfært: 31. maí 2011 29. maí 2013

**Tillaga stjórnar felur í sér í meginatriðum eftirfarandi breytingar á samþykktum:**

- *Frá og með 1. júlí 2013 muni réttindi í sjóðnum miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í stað launavísitölu.*
- *Frá og með 1. júlí 2013 muni réttindi sjóðfélaga hækka um 14% miðað við stöðu 31.12.2012.*
- *Réttindi greiðandi sjóðfélaga munu breytast samkvæmt þessu þegar taka lífeyris hefst.*

þjk  
VJ

Haraldur sagði að útlit væri fyrir að þróun efnahagsmála á Íslandi muni leiða til þess að réttindi aukist umfram eignir á næstu árum og þ.a.l. að skerða þurfi réttindi að öðru óbreyttu í framtíðinni. Ekki væri hægt að fjárfesta í eignum sem ávaxtast í samræmi við skuldbindingar. Réttindi munu eftir breytingu fylgja verðlagi. Markmið stjórnar með tillöggunni er að auka stöðugleika í rekstri sjóðsins og takmarka eins og hægt er líkurnar á því að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga í framtíðinni.

Haraldur sagði að þrátt fyrir 14% aukningu á réttindum, þá yrði sjóðurinn með jákvæða stöðu um 9% eftir breytinguna.

Hann fór yfir það hvað breytingin þýðir fyrir sjóðfélaga. Réttindi lifeyrisþega og sjóðfélaga með geymd réttindi hækka um 14% frá og með 1. júlí 2013. Greiðandi sjóðfélagar halda sama fyrirkomulagi og verið hefur, en við töku lifeyris breytist viðmið í neysluvísítölu til verðtryggingar og áunnin réttindi hækka um 14%. Greiðandi sjóðfélagar fá því sambærileg réttindi og þeir sem þegar eru komnir á lifeyri. Meirihluti eigna verða með sama viðmið og skuldbindingar sjóðsins eftir breytingu. Ekki ætti að koma til aukningar á skuldbindingum vegna hækkandi lífaldurs.

Meira jafnvægi ætti að nást á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins, sem felur í sér aukið öryggi og stöðugleika fyrir alla sjóðfélaga. Á endanum ætti niðurstaðan að verða sú sama, þ.e. að eignir standa undir greiðslu skuldbindinga.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

**Sveinbjörg Guðmundsdóttir** spurði hvort um væri að ræða eina breytingartillögu að samþykktum sjóðsins og hvort að það væri nauðsynlegt að miða við vísítölu neysluverðs í stað þess að miða við launavísítölu?

plc  
UJ 9

**Haraldur** svararði því að það væri í raun forsenda fyrir því að hægt væri að hækka réttindi sjóðfélaga. Að miða við vísitölu neysluverðs í stað þess að miða við launavísitöluna. Meira jafnvægi ætti að nást á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins.

**Jón óskaði** eftir því að fram kæmi varðandi makalífeyrir að aðeins væri um að ræða einföldun á málsgreininni og breytingu á orðalagi en ekki væri verið að breyta útgreiðslum á makalífeyrir með þessum nýju tillögum. Hann óskaði eftir staðfestingu Bjarna á því að þetta væri réttur skilningur.

**Bjarni** staðfesti að ekki væri verið að gera neina breytingu á hlutföllum eða skilyrðum. Að makalífeyrir ávinnist sem sama hlutfall af ellilífeyrir og áður. Með því að stytta hlutfallið 1,25% á móti 2,125% nógu lengi, fengju menn út 10/17 eins og segir núna í tillögu stjórnar að samþykktarbreytingum.

**Erla Þorsteinsdóttir** spurði hvort ekki væri hægt að auka réttindin meira en um 14%? Sjóðurinn standi svo vel.

**Haraldur** svaraði, að þetta væri góð spurning en jú það væri hægt að hafa réttindaaukningu hærri. En ástæðan fyrir því að þessi tala var valin var sú að sjóðurinn hefði borð fyrir báru og minni líkur væru á því að koma þurfi til skerðingar í framtíðinni.. Haraldur sagði að fyrst og fremst væri verið að verja réttindin og takmarka sveiflurnar.

**Stefán Pálsson** tók til máls. Í máli hans kom fram að hann teldi að eftir að hafa fengið skýringar á hugmyndum stjórnar um að hafa meira jafnræði á milli ávoxtunar og lífeyris, styddi hann tillöguna. Hann taldi það rétta leið sem myndi leiða til meira öryggis. Hann var einnig samþykkur aukningu réttinda um 14%, svo að sjóðurinn væri ekki í neinni hættu í náinni framtíð.

plk. UJ

Stefán þakkaði stjórn sjóðsins og þeim sem stýra sjóðnum fyrir vel unnin störf. Hann sagðist vita að þessi sjóður væri öllum betri og að þeir sjóðir sem séu í stýringu á Arion banka væru betri en aðrir.

Fundarstjóri spurði hvort að fleiri hefðu hug á að tjá sig, svo var ekki. Því lagði hún til að gengið yrði til atkvæða um tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Auk tillögu um réttindabreytingu voru lagðar fram tvær minniháttar breytingar á samþykktum, sem fundarstjóri nefndi.

*Að bætt verði við ákvæði í 12. gr samþykktu um að sjóðurinn tryggi örorkulifeyri hjá Okkar Líftryggingum hf. Þetta á sér stoð í reglugerð 391/1998 um skyldutryggingu lifeyrisrétilda og starfsemi lifeyrissjóða, þar sem kveðið er á um að ef sjóðfélagar séu færri en 800 sé skilt að tryggja áhættudreifingu og það skuli koma fram í samþykktum sjóðsins.*

*Þá er gerð leiðréttning á dagsetningu í 25. gr. samþykktu. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera þær breytingar á samþykktum sem beinlínis leiða af lögum og því er ekki nauðsynlegt að bera þessar breytingar undir fundinn.*

### **Báðar breytingarnar voru samþykktar af öllum fundarmönnum.**

Þá var komið að tillögu stjórnar um að réttindi sjóðfélaga yrðu aukin um 14% samhliða því sem breytingar á lífeyrisgreiðslum taki mið af vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í stað launavísitölu. Breytingar þessar taka til 11., 12. og 13. gr. samþykktu sjóðsins, auk Viðauka IV, sbr. auglýstar breytingatillögur sem sendar voru sjóðfélögum með fundarboði.

*Tillaga stjórnar um réttindaaukningu var samþykkt af öllum fundarmönnum.*

**Nýjar samþykktir samkvæmt tillögu stjórnar voru því samþykktar af öllum fundarmönnum.**

plk  
J

## **8. Laun stjórnarmanna**

Jóhannes bar fram tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna, sem var eftirfarandi:

Aðalmenn: 65.000 á mánuði

Formaður: 130.000 á mánuði

Varamenn: 32.500 fyrir hvern setinn fund

*Tillagan var samþykkt.*

## **9. Önnur mál**

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir önnur mál.

Lára Jóhannsdóttir stjórnarmaður LSBÍ tók til máls. Fyrir hönd stjórnar þakkaði hún Haraldi Yngva Péturssyni fyrir vel unnin störfsjóðinn á liðnum árum og færði honum þakklætisvott frá stjórn sjóðsins.

Fleira var ekki fyrir tekið þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þá sagði fundarstjóri fundi formlega slitið kl. 18:54.

Reykjavík, 29. maí 2013

  
Pórunn Kristinsdóttir  
Fundarstjóri

  
Unnur Elín Jónsdóttir  
Fundarritari